



Stefna Akureyrarbæjar um íbúasamráð 2022-2026

Framtíðarsýn

Íbúasamráð er sjálfsagður og mikilvægur þáttur í verklagi Akureyrarbæjar við ákvarðanatöku, stefnumótun og þróun þjónustu. Akureyrarbær leitar markvisst og endurtekið eftir þátttöku og sjónarmiðum íbúa. Fjölbreyttum leiðum er beitt til að ná til mismunandi hópa samfélagsins, ekki síst þeirra sem hafa sjaldan frumkvæði af því að taka þátt. Sífellt er unnið að því að slípa til verkferla, skýra hlutverk og læra af reynslunni.

Stjórnsýslan er gagnsæ og áhersla er lögð á skilvirk samskipti milli íbúa og Akureyrarbæjar. Traust gagnvart stjórnsýslunni mælist hátt sem og almenn ánægja með þjónustu og starfsemi bæjarins. Íbúar og starfsfólk finna að tíma sem fer í undirbúning, framkvæmd og þátttöku í íbúasamráði sé vel varið.

Tilgangur og bakgrunnur

Tilgangur samráðsstefnunnar er í það minnsta þrjúþættur:

Gagnvart íbúum er tilgangurinn að auka möguleika til áhrifa, bæta tengsl við samfélagið og sveitarfélagið. Veita röddum ólíkra hópa aukið vægi.

Gagnvart kjörnum fulltrúum er tilgangurinn að bæta starfsumhverfi og ákvarðanatöku með upplýstri umræðu, auknum stuðningi, þekkingu og ríkari tengslum við íbúa.

Gagnvart stjórnkerfinu er tilgangurinn að festa í sessi íbúasamráð, efla traust íbúa gagnvart stjórnkerfinu, draga úr líkum á mistökum og gera þjónustu betri og skilvirkari.

Ásamt innleiðingu nýrrar hugmyndafræði er lögð áhersla á að bæta þau samráðsferli sem nú þegar eru til staðar hjá Akureyrarbæ. Samráð í skipulagsmálum er vel skilgreint í lögum en Akureyrarbær ætlar sér að ganga lengra en lögbundin skilyrði segja til um ekki síst með útskýringum og fjölbreyttum miðlunaraðferðum. Auk þess eru tækifæri til umbóta við lögbundið og ólögbundið samráð sem nú þegar á sér vettvang hjá Akureyrarbæ, til að mynda í formi hverfisnefnda Hríseyjar og Grímseyjar, ungmennaráðs, öldungaráðs og samráðshóps um málefni fatlaðs fólks. Auk þess er lagt til að fjölmenningsráð verði endurvakið. Mikilvægt er að samráð við þessa hópa fari fram þegar væntanleg samráðsefni eru í undirbúningi en ekki á lokastigum máls.

Samkvæmt þessari stefnu verður innleidd hugmyndafræði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett fram í *Handbók um Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa* en þar er sótt í reynslu og þekkingu Sænska sveitarfélagasambandsins sem hefur undanfarna tvo áratugi lagt áherslu á þróun íbúasamráðs og sótt þekkingu og fyrirmyndir til m.a. Kanada, Bretlands og Danmerkur.

Staða mála

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur verið lögð aukin áhersla á að Akureyrarbær tileinki sér nýjungar í íbúasamráði og hefur það ekki síst birst í skipulagsmálum. Þá fékk sveitarfélagið ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga styrk úr Jöfnunarsjóði til að standa fyrir reynsluverkefni á sviði íbúasamráðs og var þremur öðrum sveitarfélögum boðin þátttaka í verkefninu sem naut ráðgjafar sænskra sérfræðinga á þessu sviði. Það hefur því heilmikill lærdómur átt sér stað á síðustu misserum.

Í samtölum við núverandi samráðshópa; ungmennaráð, öldungaráð og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, hefur komið fram að þau vilji gjarna koma fyrir að málum og fá til sín fleiri mál en verið hefur. Í því ljósi er mikilvægt að skilgreina aðkomu þessara hópa vel og leita leiða til að þekking, reynsla og innsýn þeirra nýtist sem best. Ungmennaráð hefur áheyrnarfulltrúa í fræðslu- og lýðheilsuráði og umhverfis- og mannvirkjaráði. Það hefur ekki gilt um öldungaráð eða samráðshóp um málefni fatlaðs fólks en þess ber að geta að bæjarstjórn Akureyrar skipar hluta þeirra fulltrúa ólíkt því sem gerist í ungmennaráði. Þegar Akureyrarbær skipuleggur samráðsverkefni skv. þessari stefnu er brýnt að leita alltaf til þessara hópa.

Hverfisnefndir hafa verið við lýði á Akureyri síðan 2002 en skiptar skoðanir eru um hve vel þær virka sem samráðsvettvangur við íbúa og hvort þær auki raunverulega áhrif íbúa í einstökum hverfum. Í þessari stefnu er lagt til að fyrirkomulag hverfisnefnda á Akureyri verði endurskoðað og kannað hvort aðrar leiðir geti hentað betur s.s. reglulegir hverfisfundir með íbúum. Jafnframt má gera ráð fyrir nýjar leiðir eins og samráð í gegnum vefinn *Okkar Akureyrarbær* geti komið í staðinn fyrir hverfisnefndir. Ekki eru þó lagðar til breytingar á hlutverki hverfisráða í Hrísey og Grímsey sem hafa þann megintilgang að vera ráðgefandi og gera tillögur um málefni eyjanna, en mikilvægt er þó að auka enn frekar tengsl hverfisráðanna við stjórnkerfið og tryggja að mál á þeirra vegum fari í réttan farveg.

Nefnt hefur verið að almenn svörun Akureyrarbæjar við erindum sem berast mætti vera markvissari og að betri eftirfylgni sé með því að þeim sé áreiðanlega svarað. Úr því er brýnt að bæta og helst í hendur við samráðsverkefni að því leyti að þeim telst alls ekki lokið nema endurgjöf til þátttakenda hafi farið fram.

Áherslur og meginmarkmið

1. *Markvissst íbúasamráð*: Akureyrarbær leiti í auknum mæli eftir skoðunum og hugmyndum íbúa gagnvart þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins. Á hverjum tíma verði að minnsta kosti eitt samráðsverkefni í gangi á vegum Akureyrarbæjar.

Áform

- Gengið verði lengra í samráði um skipulagsmál en lög gera ráð fyrir með það að markmiði að tryggja aðkomu íbúa eins snemma í ferlinu og mögulegt er.
- Umhverfis- og mannvirkjasvið kalli árlega eftir hugmyndum að viðhalds- og/eða nýframkvæmdum í hverfum bæjarins og að tiltekinni fjárhæð í framkvæmdaáætlun verði ætluð til þeirra verkefna (Framkvæmdapottur).
- Samráð verði haft við íbúa um allar nýjar stefnur sem Akureyrarbær setur.
- Í öllum samráðsverkefnum verði stuðst við a) *Handbók um íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttöku íbúa* og b) *Gátlista til stuðnings við skipulag og undirbúning íbúasamráðs*. Starfsfólk þjónustu- og skipulagssviðs útbúi á þessum grunni einfalda verklýsingu fyrir samráð hjá Akureyrarbæ sem skýri ferlið og leiðirnar.
- Í öllum samráðsverkefnum fari fram greining á þeim hópum sem hafa ríka hagsmuni af samráðsefninu og sérstaklega leitað til þeirra hópa sem eru ólíklegir til að tjá sig um það af sjálfsdáðum.
- Sérstakur starfsmaður á þjónustu- og skipulagssviði hafi íbúasamráð sem eitt af sínum megin verkefnum ásamt markvissri upplýsingamiðlun. Viðkomandi starfsmaður hafi yfirumsjón með öllum samráðsverkefnum.
- Samráðsverkefni eru alltaf skipulögð sem teymisvinna. Undantekningalaust koma að verkefnastjóri sem hefur íbúasamráð á sinni könnu á þjónustu- og skipulagssviði og fulltrúi viðkomandi fagsviðs ásamt öðru starfsfólki eftir þörfum hverju sinni.

2. *Fjölbreyttar aðferðir*: Margvíslegum leiðum verði beitt til að fá fram sjónarmið íbúa, bæði á einstaklings- og fulltrúagrunni. Lögð verði sérstök áhersla á að ná til mismunandi hópa samfélagsins, ekki síst þeirra sem hafa sjaldan frumkvæði af því að taka þátt.

Áform

- Okkar Akureyrarbær verði megin rafræni samráðsvettvangur sveitarfélagsins þar sem íbúar geta á einfaldan hátt sett fram hugmyndir og ábendingar og haft áhrif á ákvarðanir og stefnumótun. Haldið verði áfram að þróa vettvanginn eftir þörfum Akureyrarbæjar.
- Þegar ekki hentar að nýta rafrænar aðferðir verði notaðar leiðir sem henta hverju sinni s.s. rýnihópar eða bein viðtöl. Hagsmunaaðilagreining í upphafi samráðsferils ráði því hvaða aðferðum er beitt.
- Nýjum og jafnvel óhefðbundnum samráðsaðferðum verði beitt í auknum mæli. Starfsfólk þjónustu- og skipulagssviðs haldi kynningar- og hugarflugsfund með stjórnendum að lágmarki einu sinni á ári þar sem fjallað verði um nýjar og spennandi aðferðir til samráðs.
- Rafrænar skoðanakannanir verði nýttar í auknum mæli.

- Samráðsviðburðir verði haldnir á fjölbreyttum stöðum og fólki mætt þar sem það er, svo sem á Amtsbókasafninu, félagsmiðstöðvunum Birtu og Sölku, Sundlaug Akureyrar og í skólum.
- Árlegir hverfafundir verði haldnir í öllum skólahverfum að hausti þar sem íbúum gefst kostur á að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ræða málefni sem snúa að nærumhverfinu. Fundirnir verði upptaktur að vinnu við starfsáætlanir og fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár.
- Meira samráð verði haft við fasta samráðshópa s.s. hverfisráð í Hrísey og Grímsey, öldungaráð, ungmennaráð og samráðshóp um málefni fatlaðs fólks, auk þess sem fjölmeningarráð verði endurvakið. Sérstök áhersla verði lögð á skipulagt samstarf við hópana á fyrstu stigum mála til að útfæra breiðara samráð og nálgast fólk sem hóparnir starfa í umboði fyrir.
- Efnt verði til samstarfs þjónustu- og skipulagssviðs, skrifstofu fræðslu- og lýðheilsusviðs, ungmennaráðs, leik-, grunn-, og framhaldsskóla um að þróa aðferðir til að auka lýðræðislega þátttöku. Börn og ungmenni taki reglulega þátt í raunverulegu íbúasamráði í skólum og félagsmiðstöðvum og fái þannig tækifæri til að reyna á eigin skinni hvernig þau geta mótað umhverfi sitt (sbr. Menntastefnu Akureyrarbæjar 2020-2025).

3. *Gagnsæi og miðlun:* Akureyrarbær standi þannig að upplýsingagjöf til íbúa að auðvelt sé að mynda sér skoðun á þeim málum sem samráð er um.

Áform

- Við upphaf allra íbúasamráðsverkefna verði gerð upplýsingaáætlun, sem tekur mið af markhópagreiningu, og verði einn starfsmaður ábyrgur fyrir framkvæmd og eftirfylgni ásamt verkefnastjóra sem ber ábyrgð á íbúasamráði á þjónustu- og skipulagssviði.
- Fjölbreyttir miðlar verði notaðir og miðlunarleiðir taki mið af mikilvægustu markhópum hverju sinni. Ef haldnir eru kynningarfundir vegna samráðs verði leitast við að senda þá líka út rafrænt.
- Vefsvæði á *akureyri.is* verði útbúið fyrir öll stærri samráðsverkefni sem ná yfir nokkra mánuði þannig að íbúar geti á öllum stigum fylgst með framgangi málsins.
- Aðgengilegt myndefni og skiljanlegt verði sett í forgang við miðlun.
- Skoðaðar verði leiðir til að miðla upplýsingum vegna samráðs um skipulagsmál með aðgengilegri og gagnvirkari hætti, t.a.m. í gegnum kortasjá Akureyrarbæjar eða stafrænum hönnunartólum.
- Flóknir textar verði einfaldaðir sem kostur er með það að markmiði að allir markhópar eigi auðvelt með að skilja og taka afstöðu til samráðsefnisins. Helstu atriði verði einnig þýdd og birt á ensku og pólsku og eftir atvikum fleiri tungumál.
- Lögð verður áhersla á lifandi miðlun þegar það á við t.d. vettvangsferðir, göngutúra og á almennum vettvangi s.s. á bókasafni eða verslunarmiðstöðum.
- Ráðist verði í átak við að kynna samráðsvettvanginn *Okkar Akureyrarbæ* fyrir stjórnendum, starfsfólki og íbúum Akureyrarbæjar.
- Hverfasíður á samfélagsmiðlum verði notaðar markvisst til að miðla upplýsingum um samráð, einkum sem snertir sérstaklega ákveðin svæði í bænum.

4. *Endurgjöf*: Markviss og skýr svörun til þeirra sem taka þátt í samráði verði órjúfanlegur hluti af ferlinu, ekki síður þegar ekki er fallist á tillögur eða athugasemdir.

Áform

- Við upphaf samráðsverkefnis komi skýrt fram hvernig eigi að haga endurgjöf til þátttakenda.
- Upplýsingar um helstu niðurstöður íbúasamráðs verði undantekningalaust gerðar aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.
- Persónuleg endurgjöf verði veitt í þeim tilvikum þar sem það er mögulegt, svo sem með svarbréfi í gegnum Okkar Akureyrarbæ, tölvupósti eða símtali.
- Fundnar verði leiðir til að miðla á stafrænan og myndrænan hátt niðurstöðum samráðs, einkum til að útskýra hvaða hugmyndum eða ábendingum var hægt að verða við og hvers vegna/hvers vegna ekki.
- Íbúasamráði telst ekki lokið fyrr en þátttakendum hefur verið svarað.